

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

8. fundur haldinn í fundarsal C ÍSÍ 8. 12. 2015 kl. 20:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður, Kristinn Arason varaformaður, Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri, Þóra Margrét Hjaltsted formaður laganefndar, Sigurður Hrafn Pétursson formaður tækninefndar karla, Berglind Pétursdóttir formaður tækninefndar kvenna, Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri, Sæunn Viggósdóttir, fjármálastjóri og Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri,.

Forföll boðuðu: Kristín Ívarsdóttir, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir og Bergþóra Kristín

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

1. Ábendingar frá Gerplu v/mótahalds

Gerpla bendir á að ekki er samræmi á milli mótshluta í hóp- og áhaldafimleikum. Einnig bendir Gerpla á að mikill fjöldi trampólina er á hóp fimleikamótum og að það þurfi að endurskoða reglur hvað það varðar.

Ábending rædd. Málinu vísað til nefndar um mótamál og tækninefndar í hóp fimleikum.

2. Heimsókn stjórnarmanna á landsbyggðina

Erindi og fjárhagsáætlun um heimsókn stjórnarmanna á landsbyggðina lögð fram. Stjórn telur mikilvægt að bæta tengslin við landsbyggðina.

Arnar kynnir fyrir fundarmönnum hvernig kynning FSÍ í heimsóknunum færi fram og opnar á umræður um framtíðarsýn FSÍ.

Rætt um mikilvægi þess að heimsækja landsbyggðina og efla tengslin við hana.

Samþykkt.

3. Fimleikakona og karl ársins – tilnefningar nefnda

Tilnefningar tækninefndar í hóp fimleikum og áhaldafimleikum karla og kvenna lagðar fram

Tilnefningar nefnda lagðar fram og umræða á sér stað um árangur fimleikafólks ársins.

Fimleikakarlar ársins

Valgarð Reinhardsson

Jón Sigurður Gunnarsson

Eyþór Örn Baldursson

Einar Ingi Eyþórsson

Alexander Sigurðsson

Eysteinn Máni Oddsson

Engjavegur 6, 104 Reykjavík, Iceland

Sími/Tel: + 354-514-4060,

fsi@fimleikasamband.is , www.fimleikasamband.is

Fimleikakona ársins
Irina Sazonova
Norma Dögg Róbertsdóttir
Andrea Sif Pétursdóttir
Dominiqua Belanyi
Ingunn Hlíðberg Jónasdóttir
Kolbrún Þöll Þorradóttir

Lið ársins: Stjarnan
Afrek ársins: Thelma Rut Hermannsdóttir

4. Landslið kvk – verkefni 2016

Landsliðsþjálfarar og sviðsstjóri landsliðsmála leggja fram dagskrá yfir þau verkefni sem þau óska eftir að fara í á árinu 2016

Stjórn FSÍ tekur jákvætt í verkefni og óskar eftir fjárhagsáætlun sem skrifstofa vinnur og leggur fyrir á næsta fundi. Einnig óskar stjórn eftir nánari útlistun á með hvaða hætti val á Pre Olympics fer fram.

5. UEG tækninefndarfundur á Íslandi

Evrópsku tækninefndirnar í áhaldafimleikum karla og kvenna koma að öllum líkindum til Íslands og halda fundi í febrúar

Skrifstofa er í sambandi við skrifstofu UEG til að skipuleggja gistingu og annað vegna fundarins. FSÍ fagnar því að tækninefndirnar óski eftir því að funda á Íslandi.

6. Búningamál FSÍ

Samningur við Fimleika ehf. lagður fram til samþykktar. Gögn lögð fram á fundinum, ásamt lögfræðilíti

Samningurinn lagður fram með þeim fyrirvara að mótunum verði fækkað úr 15 og í 14. Samþykkt.

Fundi slitið klukkan 22:37

9. fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 18. janúar kl. 20:00